

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis við Þekkingarnet Þingeyinga um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Þekkingarnet Þingeyinga ses, kt. 670803-3330, í samningi þessum nefnt Þekkingarnet, gera með sér svofelldan samning um starfsemi og þjónustu Þekkingarnetsins á starfssvæði sínu, sem nær frá sveitarfélagamörkum Þingeyjarsveitar í vestri til Langanesbyggðar í austri.

1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- mæta fræðsluþörf íbúa og atvinnulífs með framboði og miðlun náms.
- afla þekkingar og viðhalda, miðla henni og hagnýta á starfssvæðinu.
- stuðla að auknu samstarfi og sampættingu menntunar, rannsókna, fræðastarfs, menningarstarfsemi og atvinnuþróunar.


1.2. Starfsemi

Símenntun og framhaldsfræðsla.

- Starfrækja miðstöð símenntunar og framhaldsfræðslu, m.a. með því að halda úti námsþjónustu og kennsluaðstöðu á Húsavík, Þórshöfn, Raufarhöfn, Kópaskeri, Mývatnssveit (og/eða Laugum) og eftir þörfum á öðrum stöðum í Þingeyjarsýslum. Umfang þjónustu og aðstöðu á hverjum stað fari eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.
- Vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að greina þarfir og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki sbr. a. liður 1. mgr. 3. gr. framhaldsfræðslulaga. Þjónusta á sviði framhaldsfræðslu skal veitt og þróuð í samstarfi meðal annars við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð, aðra framhaldsfræðsluaðila, framhaldsskóla, stéttarfélög, fagfélög, sveitarfélög og fyrirtæki á svæðinu.
- Sinna þörfum íbúa og atvinnulífs í dreifðum byggðum til símenntunar að því leyti sem búsetuform takmarkar tækifæri til náms.
- Veita námsráðgjöf og stuðning við nema og fólk sem hyggur á nám.
- Vinna með fyrirtækjum, sveitarfélögum og stofnunum við mótu símenntunarstefnu þeirra og sérsniðinna námsleiða.

Háskólanám/fjarnám.

- Að vera miðstöð háskólanáms, m.a. með því að halda úti háskóla- og fjarnámsþjónustu á Húsavík, Þórshöfn, Raufarhöfn, Kópaskeri, Mývatnssveit (og/eða Laugum) og eftir þörfum á öðrum stöðum á starfssvæði sínu. Umfang



þjónustu og aðstöðu á hverjum stað fari eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

- Veita nemum á framhaldsskóla- og háskólastigi þjónustu, t.a.m. með miðlun fjarfundakennslu, námsráðgjöf, fjarprófahaldi og með því að halda úti les- og vinnuaðstöðu fyrir farnema á fyrrgreindum stöðum.
- Vinna með háskólum að bættri þjónustu við íbúa í formi fjarkennslu og staðbundins náms.

Rannsóknir og þróun.


- Að vera miðstöð rannsóknastarfs og rannsakenda á starfssvæði sínu.
- Byggja upp og viðhalda sérþekkingu á samfélagi og byggð Þingeyjarsýslna og hagnýta þá þekkingu í rannsóknastarfi.
- Vinna að rannsóknar- og þróunarverkefnum sem byggja á sérstöðu svæðisins og/eða samstarfi við sérfræðinga, stofnanir eða námsmenn sem stunda rannsóknir á svæðinu.
- Taka virkan þátt í faglegri umræðu innan og utan héraðs um þróun rannsókna og háskólastarfs.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Framlag ríkisins til samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs og er það 38,8 m.kr. árið 2014.
- 2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármálaráðuneyti og Alþingi. Það mun beita sér fyrir því að árlegt framlag til samningsins verði í samræmi við gr. 2.1. með fyrirvara um að Þekkingarnetið standi við skuldbindingar sínar. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Þekkingarnetið ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.
- 2.3. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- 2.4. Framlag ríkisins skv. samningi þessum tekur breytingum samkvæmt verðlagsuppfærslu fjárlaga hvers árs.
- 2.5. Þekkingarnetið starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var samþykkt 29.mars 2006, með breytingum dags. 6. júlí 2010.
- 2.6. Þekkingarnetið starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á: eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.
- 2.7. Forsenda framlags til verkefna á sviði framhaldsfræðslu er að Þekkingarnetið hafi viðurkenningu sem fræðsluaðili skv. 7. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

3. Ábyrgð styrkþega

- 3.1. Þekkingarnetið ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Þekkingarnetið skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. Þekkingarnetið ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. Þekkingarnetinu er óheimilt að:
 - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkit ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.



Guðrún Ólafsdóttir
Þórdís Þórssdóttir

3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag sem hér segir:

4.1.1. Í tólf jöfnum hlutum og er miðað við að greiða fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Þekkingarnetsins.

4.2. Þekkingarnetið skilar ráðuneytinu:

4.2.1. Áætlun um rekstur ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok febrúar ár hvert.

4.2.2. Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert.

4.3. Eigi Þekkingarnetið í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.

5.2. Fulltrúar ráðuneytis og Þekkingarnetsins funda að lágmarki árlega um samninginn.

5.3. Fyrir lok júní ár hvert skilar Þekkingarnetið ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins, hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.

5.4. Þekkingarnetið veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftirlits með framkvæmd samningsins eða vegna opinberrar upplýsingajafar. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjólum, skýrslum, bókum og bréfum.

5.5. Samning þennan, ársreikning Þekkingarnetsins, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Þekkingarnetsins jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

5.6. Þekkingarnetið setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir verkefnisins, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlunar.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings

6.1. Þekkingarnetið tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir stofnunin frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.

6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Þekkingarnetið ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.

6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.

6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

7. Gildistími og lok samnings


7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2016.



Jón Ólafsson
Þórdís Þórssdóttir
3

- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor samningsaðila eftir því að semja um áframhald eftir gildistíma samningsins skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík 29. janúar 2014



Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Illugi Gunnarsson, ráðherra



Þekkingarnet Þingeyinga
Óli Halldórsson framkvæmdastjóri